

VERKEFNASTJÓRI – Lífsgæðasetur á St. Jósefsspítala

Ert þú til í að taka að þér spennandi og krefjandi verkefni? Finnst þér gaman að gera eitthvað sem aldrei hefur verið gert áður? Þá skaltu lesa lengra og jafnvel senda okkur umsókn.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði er 90 ára gamall spítali sem mun nú fá nýtt hlutverk.

Þar mun fara fram fjölbreytt og lifandi starfsemi á sviði heilsuverndar og sköpunar í samræmi við heilsustefnu Hafnarfjarðar.

Markmiðið er fyrst og fremst að auka lífsgæði og stuðla að hamingjuvexti Hafnfirðinga. Lífsgæðasetur er hugsað sem opið samfélag þar sem boðið er upp á forvarnir, heilsuvernd, snemmtæka íhlutun, fræðslu og skapandi setur fyrir alla aldurshópa.

Settur hefur verið á laggirnar samstarfsvettvangur til að leiða þessa vinnu á næstu misserum.

Leitað er eftir verkefnisstjóra til að starfa með samstarfsvettvangi að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins. Um er að ræða 50% starf til að byrja með með möguleikum á auknu starfshlutfalli í samræmi við vaxandi starfsemi í húsinu.

Starfsstöð verkefnisstjóra verður í St. Jósefsspítala.

Hlutverk verkefnastjóra er að sjá um undirbúning opunar og daglegan rekstur eftir opnun.

Verkefnisstjóri hefur yfirumsjón með verkefninu, og hefur það hlutverk að móta innra starf Lífsgæðaseturs í nánu samstarfi við samstarfsvettvang og stjórnendur Hafnarfjarðarbæjar. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Í starfinu felst m.a. að undirbúa endurbætur á húsinu í áföngum, setja upp verkferla, velja leigutaka, sinna samningagerð og daglegri þjónustu við þá sem reka munu starfsemi í húsinu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Markaðssetning hússins og starfseminnar
- Daglegur rekstur hússins og utanumhald starfseminnar
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana fyrir endurbætur og starfsemi
- Yfirumsjón með endurbótum, framgangi og áfangaskiptingu verksins
- Samhæfing og samskipti við starfseiningar í húsinu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun er nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar
- Skipulagshæfileikar og góð samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og/eða reynsla af frumkvöðlastarfssemi
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til framsetningar máls í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta